



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Þjónusta Velferðarsviðs við utangarðsfólk

Kynjuð fjárhagsáætlunargerð



Birna Sigurðardóttir, skrifstofustjóri velferðarmála  
Agnes S. Andrésdóttir, sérfræðingur skrifstofu fjármála og rekstrar  
Sigríður Stefánsdóttir, forstöðukona heimilanna Brautin, Mýrin og Njálsgata



## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
STJÓRNSKIPULAG .....	3
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>4</b>
MARKMIÐ .....	4
VERKEFNI .....	4
<b>ÁLITAEFNI</b> .....	<b>7</b>
<b>VIÐAUKI 1</b> .....	<b>8</b>
SPURNINGARLISTI Í RANNSÓKN Á FJÖLDA OG HÖGUM UTANGARÐSFÓLKS Í REYKJAVÍK .....	8
<b>VIÐAUKI 2</b> .....	<b>11</b>
VERKÁÆTLUN .....	11
<b>VIÐAUKI 3</b> .....	<b>12</b>
SAMNINGUR VEGNA GISTISKÝLIS .....	12
<b>VIÐAUKI 4</b> .....	<b>15</b>
SAMNINGUR VEGNA KONUKOTS .....	15
<b>VIÐAUKI 5</b> .....	<b>18</b>
SAMNINGUR VEGNA MIKLUBRAUTAR .....	18
<b>VIÐAUKI 6</b> .....	<b>22</b>
SAMNINGUR VEGNA DAGSETURS .....	22
<b>VIÐAUKI 7</b> .....	<b>25</b>
SAMNINGUR VEGNA KAFFISTOFU SAMHJÁLPAR .....	25



## Inngangur

Markmið tilraunaverkefnisins í kynjaðri fjárhagsáætlunargerð hjá Velferðarsviði var að skoða þjónustu við utangarðsfólk og kostnaðargreina út frá kyni. Fjöldi utangarðsfólks var kortlagður og núverandi þjónusta við þann hóp skoðuð með tilliti til kyns.

Utangarðsfólk eru ólíkir einstaklingar sem eiga við margháttaðan félags- og heilbrigðisvanda að stríða, eru félagslega einangraðir og eiga oft að baki fangelsisvistir, sjúkrahúsvalir og aðra félagslega erfiðleika. Grunnþarfir þessa hóps felast í þörf fyrir félagslegan stuðning, endurhæfingu og húsnæði. Notast var við skilgreiningu á húsnæðisleysi sem sett var af samráðshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins árið 2005.

Fyrirliggjandi gögn voru skoðuð og framlög Reykjavíkurborgar til málefna utangarðsfólks greind með tilliti til stefnu velferðarsviðs í málefnum utangarðsfólks 2008-2012. Kostnaðargreind voru sambærileg úrræði fyrir utangarðskarla annars vegar og utangarðskonur hins vegar. Eftirfarandi úrræði voru skoðuð, Gistiskýlið, Konukot, Mýrin, Njálsgata, Miklabraut, Smáhýsin, Dagsetur og Kaffistofa Samhjalpar.

## Stjórnskipulag

**Eigandi:** Sviðsstjóri Velferðarsviðs

**Stýrihópur:**

Sviðsstjóri Velferðarsviðs  
Skrifstofustjóri rekstrar og fjármála  
Skrifstofustjóri velferðarmála

**Starfshópurinn:**

Agnes S. Andrésdóttir, sérfræðingur, sem leiðir hópinn  
Birna Sigurðardóttir, skrifstofustjóri velferðarmála  
Sigríður Stefánsdóttir, forstöðukona heimilanna Brautin, Mýrin og Njálsgata 74

**Til ráðgjafar:**

Guðmundur Sigmarsson, verkefnastjóri  
Magdalena Kjartansdóttir, deildarstjóri  
Helga Benediktsdóttir, lögfræðingur  
Erla Björg Sigurðardóttir, verkefnastjóri



## Niðurstöður

Markmið verkefnisins voru fjögur og náðust þau öll. Kynjamarkmið var eitt og var þjónusta Reykjavíkurborgar við utangarðsfólk skoðuð út frá því en ekki var hægt að greina alla þjónustu út frá kyni.

## Markmið

- Að kortleggja fjölda utangarðsfólks
- Að kortleggja núverandi þjónustu við utangarðsfólks m.t.t. kyns
- Að rýna kostnaðarskiptingu á þjónustu við utangarðsfólk út frá kyni
- Jafnrétti til þjónustu

## Verkefni

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur tvisvar kortlagt fjölda og hagi utangarðsfólks í Reykjavík. Fyrri kortlagningin var gerð árið 2009 og síðari kortlagningin var gerð árið 2012. Í báðum tilvikum var notast við skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005 en einnig var stuðst við sex af þrettán þáttum ETHOS (*European typology of homelessness and housing exclusion*) skilgreiningarinnar á heimilisleysi. ETHOS skilgreinir margvíslegar aðstæður sem flokkast undir heimilisleysi. Um er að ræða mjög breiða skilgreiningu sem tekur tillit til ákveðinna þátta sem falla jafnt undir heimilisleysi og húsnæðisútilokun (*e. housing exclusion*).

Á Íslandi var opinber skilgreining á heimilisleysi fyrst sett fram árið 2005 en fram að þeim tíma höfðu skilgreiningar á hugtakinu verið nokkuð á reiki. Árið 2005 birti samráðshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins eftirfarandi skilgreiningu á heimilisleysi:

*Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húskjól, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefna meðferð, eiga sögu um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með (Félagsmálaráðuneytið, 2005).*

Samkvæmt nýlokinni kortlagningu Velferðarsviðs á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavíkurborg voru 179 einstaklingar sem féllu undir skilgreiningu um heimilislausa sem sóttu þjónustu í mars, apríl og maí 2012 hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, Rauða Kross Íslands - Reykjavíkurdeild, Samhjálp, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Fangelsismálastofnunar ríkisins. (Sjá: Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík). Megindlegri aðferð var beitt í rannsókninni og notast var við spurningakönnun með rafrænum hætti. Til að kortleggja fjölda og hagi utangarðsfólks sem hafa þegið þjónustu frá stofnunum og samtökum síðastliðna 3 mánuði var gerð afturvirk gagnarannsókn. Starfsmönnum stofnana og samtaka sem veita þjónustu til einstaklinga sem teljast utangarðs var gert að fylla út spurningalista í rafrænni könnun með kennitölum viðkomandi einstaklinga. Til að komast hjá því að kennitölur kæmust í hendur rannsakenda frá stofnunum sem tóku þátt í rannsókninni var leitað launsnar hjá Outcome hugbúnaður ehf. með notkun rafrænnar könnunar á netinu.

Karlar voru í meirihluta eða 62,56%, fjöldi kvenna var 64 og fjöldi karla 112, til viðbótar kom ekki fram kyn þriggja einstaklinga. Kortlögð var sú þjónusta sem utangarðsfólki stóð til boða á árinu 2011 m.t.t.



kyns. Nokkur úrræði standa utangarðsfólki til boða óháð kynferði svo sem Kaffistofa Samhjalpar og Dagsetur og ekki eru til aðsóknartölur út frá kyni. Samhliða kortlagningu á þjónustu Velferðarsviðs við utangarðsfólk er farið í fjárhagslega greiningu á hverjum þjónustuþætti fyrir sig en heildarfjármagn ársins 2011 í málefnum utangarðsfólks var 203 m.kr.

Þau úrræði sem hópurinn valdi til samanburðar voru Gistiskýlið, Konukot, Njálsgatan og Mýrin.

Gistiskýlið er neyðarnæturathvarf fyrir allt að 20 heimilislausa karlmenn með lögheimili í Reykjavík og Konukot er neyðarnæturathvarf fyrir allt að átta heimilislausar konur. Þessi úrræði eru rekin af frjálsum félagasamtökum samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Velferðarsvið rekur Njálsgötuna og Mýrina. Njálsgatan er heimili fyrir átta karla sem hafa verið heimilislausir og Mýrin er heimili fyrir fimm konur sem verið hafa heimilislausar.

Í Gistiskýlinu dvöldu á árinu 2011 alls 133 karlmenn. Gistinætur í boði voru 7.300 og þar af voru nýttar 5.648 eða 77,37%. Fjöldi þeirra sem dvöldu í Gistiskýlinu og voru ekki með lögheimili í Reykjavík voru 22 eða 16,5% og dvöldu þeir 289 nætur eða 5,11% gistináttanna.

Í Konukoti dvöldu á árinu 2011 alls 67 konur. Gistinætur í boði voru 2.920 og þar af voru nýttar 1.549 eða 53,05%. Fjöldi þeirra sem gisti í Konukoti og voru ekki með lögheimili í Reykjavík voru 16 eða 23,8% og dvöldu þær 129 nætur eða 8,33% gistináttanna.

Kostnaður með innri leigu vegna Gistiskýlisins var 44,5 m.kr. á árinu 2011 en 27,6 m.kr. vegna Konukots. Gistiskýlið er með rými fyrir 20 karlmenn en Konukot með rými fyrir átta konur. Þegar kostnaður á rými er skoðaður án innri leigu er hann töluvert hærri hjá Konukoti en hér gæti verið um stærðarhagkvæmi að ræða.

<b>Rauntölur 2011</b>	<b>Gistiskýlið rauntölur</b>	<b>Gistiskýlið kostnaður á rými</b>	<b>Konukot rauntölur</b>	<b>Konukot kostnaður á rými</b>
Samningsbundnar greiðslur	37.900.004	1.895.000	27.000.000	3.375.000
Annar rekstrarkostnaður	290.173	14.509	2.200	275
<b>Samtals</b>	<b>38.190.177</b>	<b>1.909.509</b>	<b>27.002.200</b>	<b>3.375.275</b>

Á Njálsgötunni dvöldu á árinu 2011 alls 11 karlmenn á mismunandi tímum. Gistinætur í boði voru 2.920 og þar af voru nýttar 2.630 eða 90,07%.

Í Mýrinni dvöldu á árinu 2011 alls átta konur á mismunandi tímum. Gistinætur í boði voru 1.825 og þar af voru nýttar 1.625 eða 89,04%.

Kostnaður með innri leigu vegna Njálsgötunnar var 48,7 m.kr. á árinu 2011 en 29,7 m.kr. vegna Mýrarinnar en það húsnæði er í eigu Félagsbústaða og því engin innri leiga. Einn forstöðumaður sinnir Njálsgötunni, Mýrinni og einu úrræði til viðbótar sem ekki er fjallað um hér. Einnig er einn deildarstjóri sem sinnir báðum úrræðum. Búið er að skoða launaskiptingu þessara starfsmanna og er henni deilt á milli staðanna.



<b>Rauntölur 2011</b>	<b>Njálsgata rauntölur</b>	<b>Njálsgata kostnaður á rými</b>	<b>Mýrin rauntölur</b>	<b>Mýrin kostnaður á rými</b>
Launakostnaður	37.833.635	4.729.204	27.595.575	5.519.115
Annar rekstrarkostnaður	3.182.504	397.813	2.147.129	429.426
<b>Samtals</b>	<b>41.016.139</b>	<b>5.127.017</b>	<b>29.742.704</b>	<b>5.948.541</b>

Samkvæmt rauntölum frá 2011 kemur í ljós að skipting fjármagns á milli þessara tveggja úrræða er sambærilegt á rými og því ljóst að hér er skipting fjármagns milli kynja gætt.

Teymið vann eftir verkáætlun sem gerð var í mars. Tímaáætluninni þurfti að breyta fjórum sinnum þar sem úrvinnslu Outcome könnunarinnar seinkaði. Teymið fundaði 5 sinnum en samskipti fóru aðallega fram í gegnum tölvupóst og síma.

Verkefnið „Þjónusta Velferðarsviðs við utangarðsfólk, kynjuð fjárhagsáætlunargerð“ hófst í mars 2012 og lauk í september 2012.



## Álitaefni

Verkefnið var skýrt afmarkað og niðurstöður verkefnisins geta nýst í stefnumótun um málefni utangarðsfólks. Ennfremur má nota þær til þess að vega og meta áherslur í málaflokknum og hvernig fjármagni og úrræðum verði best varið.

Erfitt reyndist að bera saman öll þau úrræði sem standa utangangsfólki í Reykjavík til boða þar sem mismunandi forsendur liggja að baki. Kynjaskiptar fjöldatölur liggja t.d. ekki fyrir hjá Dagsetri og Kaffistofu Samhjalpar þó svo að vitað sé að karlar eru í meirihluta. Þau úrræði sem skoðuð voru vegna búsetu eru í rekstri hjá Velferðarsviði en skammtíma gistiskýlin hjá frjálsum félagsamtökum og þar hefur t.d. sjálfboðavinna mismunandi áhrif. Skoða mætti hvort Velferðarsvið ætti að setja kröfu um kynja upplýsingar í samninga við þriðja aðila sem veita utangarðsfólki þjónustu og fá styrki frá Velferðarsviði.

Helstu vankantar á verkefninu voru að meðlimum hópsins fannst það unnið á of löngum tíma. Það hefði verið betri kostur að hafa verkið í stuttri lotu í stað þess að hverfa til og frá því með öðrum störfum.



## Viðauki 1

### Spurningarlisti í rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík

#### Persóna

#### Dulkóðunarlykill

#### Kennitala

#### Spurningalistanum er svarað hjá:

Rauði Kross Íslands Reykjavíkurdeild

Fangelsismálastofnun Ríkisins

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu

Samhjálp

Þjónustumiðstöð: Breiðholti

Þjónustumiðstöð: Grafarvogi

Þjónustumiðstöð: Árbæ og Grafarholti

Þjónustumiðstöð: Vesturgarði

Þjónustumiðstöð: Laugardal og Háaleiti

Þjónustumiðstöð: Miðborg og Hlíðum

#### 1. Búsetuaðstæður viðkomandi síðastliðna 3 mánuði. Sjá nánari útskýringar á meðfylgjandi skilgreiningarblaði (*Má merkja við fleiri en einn svarmöguleika*)

- Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.
- Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.
- Viðkomandi dvelur tímabundið í kvennaathvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt heim.
- Viðkomandi er að ljúka stofnanavist, innan þriggja mánaða (fangelsi, sjúkrastofnun, vímuefnaeðferð, eftirmeðferð) og hefur ekki fastan samastað að henni lokinni.
- Viðkomandi býr í langtímastuðningsúrræði fyrir heimilislausa.
- Viðkomandi býr við ótryggar aðstæður, gistir nótt og nótt hjá fjölskyldu eða vinum/kunningjum og/eða dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið án samnings eða í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar.





## 2. Kyn

- Karl
- Kona

## 3. Aldur

Aldur: \_\_\_\_\_

## 4. Þjóðerni (*merkið aðeins við einn svarmöguleika*)

- Íslenskt
- Annað hvað?: \_\_\_\_\_
- Veit ekki

## 5. Hversu lengi telur þú að einstaklingurinn hafi verið heimilislaus? (*merkið aðeins við einn svarmöguleika*)

- 0 – 3 mánuðir
- 4 – 11 mánuðir
- 1 – 2 ár
- Meira en 2 ár
- Veit ekki

## 6. Hefur þú upplýsingar um að einstaklingurinn neyti áfengis og/eða annarra vímuefna að staðaldri:

- Já, viðkomandi neytir að staðaldri (*má merkja við bæði*):
- Áfengis
- Annarra vímuefna en áfengis
- Nei, ég hef enga vitneskju um áfengis eða aðra vímuefnaneyslu viðkomandi einstaklings



**7. Hverjar telur þú vera hugsanlegar orsakir þess að viðkomandi einstaklingur er heimilislaus?**  
(Má merkja við fleiri en einn svarmöguleika)

- Líkamlegur sjúkdómur
- Áfengisvandi
- Misnotkun annarra vímuefna en áfengis
- Atvinnuleysi
- Hjónaskilnaður/sambúðarslit
- Er að ljúka afplánun
- Ofbeldi á heimili
- Geðræn vandamál
- Þroskafrávik
- Útskrift af spítala
- Óöryggi við að búa ein/einn
- Gat ekki búið lengur hjá fjölskyldu/vinum/kunningjum. Erfitt að fá húsnæði eða bíður eftir félagslegu húsnæði
- Annað, hvað?: \_\_\_\_\_
- Veit ekki

**8. Hefur þú vitneskju um hvort viðkomandi einstaklingur hefur leitað eftir eða er að fá stuðning frá öðrum stofnunum eða félagasamtökum?** (Má merkja við fleiri en einn svarmöguleika)

- Viðkomandi hefur leitað til: \_\_\_\_\_
- Viðkomandi er að fá stuðning frá: \_\_\_\_\_
- Viðkomandi hefur ekki leitað til neinna annarra stofnana eða félagasamtaka
- Veit ekki

**9. Hvaða þjónustu er viðkomandi einstaklingur að fá hjá ykkar stofnun/félagasamtökum í dag. Lýstu í nokkrum orðum:**

## Viðauki 2

### Verkáætlun

Áfangar:	Vika:	MARS				APRÍL				MAÍ				JÚNÍ				ÁGÚST					SEPT	OKT	Ábyrgð:		
		10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	31	32	33	34	35	36		40	
START-fundur				23.mar																							[KFS]
Námskeið - Verkefnisstjórnun fyrirlestur				27.mar																							[KFS]
Námskeið - Verkefnisstjórnun verkleg æfing				28.mar																							[KFS]
Vinnufundur starfshópsins					11.apr		30.apr			15.maí	21.maí										23.ágú						[ASA]
Verk- og tímaáætlun skilað til stýrihóps					12.apr																						[ASA]
Úrvinnsla Outcome könnunar										11.maí																	[BS]
Skoða fyrirbyggjandi gögn										11.maí																	[SS]
Kynning fyrir stjórnendum/eigendum											15.maí																[BS]
Skoða fjárhagsáætlun og raunstöðu 2011										11.maí					15.jún												[ASA]
Úrvinnsla gagna																											[ASA]
Stöðuskýrsla tilbúin í áföngum										2.maí		22.maí			19.jún						16.ágú			29.sep			[ASA]
Stöðufundur - Allir											8.maí																[KFS]
Stöðufundur - Teymisstjórar										3.maí			30.maí								22.ágú						[KFS]
Stöðuskýrsla kynnt stjórnendum VEL																							4.sep				[BS]
Kynning á niðurstöðu - Starfsmenn VEL																									5.okt		[ASA]
Kynning á niðurstöðum - Uppskeruhátið																									9.okt		[KFS]

#### Skammstafanir:

Agnes S. Andrésdóttir	[ASA]
Sigríður Stefánsdóttir	[SS]
Birna Sigurðardóttir	[BS]
Verkefnisstjóri KFS	[KFS]



## Viðauki 3

### Samningur vegna Gistiskýlis

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, kt. 530269-7609, f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10 - 12, 105 Reykjavík, hér eftir nefnd þjónustukaupi og Samhjálp, kt. 551173-0389, Stangarhyl 3a, 110 Reykjavík, hér eftir nefnd þjónustusali, gera með sér eftirfarandi

## Samning

um rekstur Gistiskýlisins að Þingholtsstræti 25. Gistiskýlið er næturgististaður fyrir þá Reykvíkinga sem hvergi eiga höfði sínu að halla og jafnframt afdrep að degi til.

### 1. grein Gildistími

Þjónustusali tekur að sér að reka Gistiskýlið að Þingholtsstræti 25 frá 1. febrúar 2011 til 31. janúar 2012.

### 2. grein Markmið

Markmið með rekstri Gistiskýlisins er að veita þeim Reykvíkingum, sem hvergi eiga höfði sínu að halla, næturgistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að vinna að lausn á félagslegum vanda þeirra. Öll þjónusta Gistiskýlisins er þeim að kostnaðarlausu.

Í verkefnum þeim sem þjónustusali tekur að sér samkvæmt samningi þessum ber honum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006.

### 3. grein Húsnæði

Þjónustukaupi leggur til húsnæði án endurgjalds á 1. og 2. hæð og í kjallara að Þingholtsstæti 25. Þjónustukaupi sér um allt viðhald á fasteign, lóð og búnaði sem er í eigu borgarsjóðs. Allt viðhald hússins skal vera í samráði við Framkvæmdasvið Reykjavíkur-borgar sem árlega skoðar fasteignina með tilliti til fjárhagsáætlunar.

Þjónustukaupi sér um kaup á stærri innanstokksmunum sem ekki eru til og vantar, samkvæmt mati forstöðumanns heimilisins og framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

Við upphaf og lok samnings skulu samningsaðilar fara yfir lista yfir búnað og innanstokks-muni, sbr. fskj. 1.

### 4. grein Greiðslur

Heildarstyrkur þjónustukaupa til þjónustusala á samningstímanum nemur kr. 44.125.000.-, þar af nemur innri leiga kr. 6.125.000.-. Greiðslur samtals á samningstímanum nema því kr. 38.000.000.- eða mánaðarlega kr. 3.166.667.-. (þrjámilljónireitthundraðsextíuogsex-þúsundsexhundruðsextíuogsjö krónur).

Til daglegs reksturs teljast laun gæslumanna, morgunverður alla daga ársins, létt kvöldhressing, hita-, rafmagns- og símakostnaður, innkaup á matvöru og eldhúsrekstur, hreinlætisvörur og þrif, sængurfatnaður, umsjónar- og stjórnunarkostnaður.



## 5. grein

### **Þjónusta sem samið er um**

Þjónustan sem samið er um grundvallast á XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum, varðandi aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.

Alls geta 20 manns dvalið í Gistiskýlinu í senn. Tekið skal við gestum meðan húsrúm leyfir, þó þannig að gæta skuli að öryggi gesta og starfsmanna hverju sinni. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að Gistiskýlið sé opið allt árið um kring.

Þjónustukaupi tilnefni sérstakan tengilið sem býður upp á reglulega viðtalstíma í Gistiskýlinu fyrir gesti þess. Tengiliður og forstöðumaður komi sér upp reglubundnu samstarfi þar sem skipst er á upplýsingum og unnið að lausn í málefnum gesta.

Gert er ráð fyrir að gestir séu í tengslum við ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum, ef um ítrekaða dvöl er að ræða. Dvöl í Gistiskýlinu er tímabundin meðan verið er að vinna að lausn á félagslegum vanda gesta.

Tengiliður hefur eftirlit með þeirri einstaklingsbundnu þjónustu sem Gistiskýlið á að veita notendum þess. Tengiliður skal fylgja því eftir að unnið sé að lausn á félagslegum vanda þeirra sem þangað leita. Tengiliður skili framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar/Hlíða árlega skýrslu þar að lútandi.

## 6. grein

### **Eftirlit með starfsemi**

Þjónustusali skuldbindur sig til að skrá reglulega tölfraðilegar upplýsingar um notendur og veita þjónustukaupa upplýsingar þar að lútandi samkvæmt nánara samkomulagi við þjónustukaupa. Þjónustukaupi getur hvenær sem er á samningstímanum gert úttekt á starfsemi. Reglulegir samráðsfundir skulu haldnir með fulltrúum samningsaðila. Samningsaðilar skulu vinna að reglum varðandi dvöl í húsinu og vinnulag starfsmanna. Þjónustusali skili árlega skýrslu um starfsemi liðins árs.

## 7. grein

### **Mat á framkvæmd samnings**

Samningsaðilar skulu koma saman að hausti 2011 í þeim tilgangi að fara yfir starfsemina í heild sinni og möguleikum á endurnýjun samningsins.

## 8. grein

### **Ársreikningar**

Niðurstöður ársreiknings, frá löggiltum endurskoðanda, skal þjónustusali leggja fyrir framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar/Hlíða eigi síðar en í maí ár hvert. Þjónustusali ber kostnað vegna endurskoðunar.

Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstaryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala.

Þjónustusali skal á sama tíma skila upplýsingum vegna ársskýrslugerðar um aldur og kyn heimilismanna, atvinnustöðu, úthlutanir á árinu og meðalíbúsetulengd í árslok.

## 9. grein

### **Þagnarskylda**

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang.



Starfsmönnum Gistiskýlis er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og snertir einkalíf gesta og leynt skal fara samkvæmt lögum og reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðar- og þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu í Gistiskýlinu.

### **10. grein Vanefndir og riftun**

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinni.

Ef verulegar vanefndir verða á efni samnings þessa geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr annmörkum.

Veruleg vanefnd telst t.d. vera ef þjónustan sem um er samið er ekki í samræmi við kröfur þjónustukaupa eða ef greiðslur og/eða stuðningur til þjónustusala falla niður.

### **11. grein Starfsmenn**

Þjónustusali skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína.

### **12. grein Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

### **13. grein Framsäl samnings til þriðja aðila**

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

### **14. grein Breytingar á samningi.**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík 9. desember 2010,

F.h. Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

F.h. Samhjalpar,

---

Sigtryggur Jónsson,  
framkvæmdastjóri

---

Heiðar Guðnason,  
forstöðumaður



## Viðauki 4

### Samningur vegna Konukots

## Samningur

Aðilar samnings þessa, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða fh. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 (hér eftir nefnt Þjónustumiðstöð) og Reykjavíkureild Rauða kross Íslands kt. 530269-1839 (hér eftir nefnt RRKÍ) gera með sér eftirfarandi samning um rekstur Konukots, Eskihlíð 2-4, 105 Reykjavík. Samningur þessi er byggður á núgildandi samningi um reksturinn frá 1. febrúar 2008.

### 1. gr.

#### Þjónusta sem samið er um

Samningur þessi gildir um þjónustu, við allt að átta húsnæðislausar konur sem eiga hvergi höfði sínu að halla. Þjónustan grundvallast á ákvæðum laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í verkefnum þeim sem þjónustusali tekur að sér samkvæmt samningi þessum ber honum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006. sbr.

<http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/stefnur/Mannrettindastefna.pdf>

### 2. gr.

#### Skilgreining starfseminnar

Konukot er athvarf fyrir heimilislausar konur í Reykjavík sem hefur verið rekið frá árinu 2004. Konukot er ætlað Reykvískum konum sem eiga hvergi höfði sínu að halla og þurfa stað til að sofa á. Boðið er upp á léttan málsverð á kvöldin auk morgunverðar. Aðstaða til þvotta er í Konukoti og gestir geta baðað sig. Þá geta gestir fengið fatnað, ef á þarf að halda. Opnunartími Konukots er að lágmarki frá kl. 19:00 til kl. 10:00 næsta dag, alla daga ársins.

### 3. gr.

#### Rekstur Konukots

RRKÍ annast rekstur Konukots að fullu og öllu frá 1. janúar 2011 og ber bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á honum. Innifalið er m.a. allur launakostnaður starfsmanna, matarinnkaup, framleiðsla á mat, þrif og hreinlætisvörur, rafmagn og hiti og annar venjubundinn rekstrarkostnaður.

Þjónustumiðstöðin f.h. Reykjavíkurborgar leggur til húsnæði fyrir reksturinn að Eskihlíð 4-6 án endurgjalds fyrir RRKÍ. Um er að ræða vestasta hluta hússins, allar hæðir. Þjónustumiðstöðin greiðir húsaleigu til Skipulagssjóðs Reykjavíkurborgar.

Allt viðhald hússins skal vera í samráði við þjónustumiðstöðina og Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar, sem árlega skoðar fasteignina m.t.t. fjárhagsáætlunar.



#### **4. gr. Tengiliður**

Þjónustumiðstöðin leggur til sérstakan faglegan tengilið, sem býður upp á reglulega viðtalstíma í Konukoti fyrir gesti þess. Tengiliður og verkefnisstjóri Konukots skulu hafa með sér reglulegt samstarf, skiptast á upplýsingum og vinna sameiginlega að málefnum gesta Konukots. Gert er ráð fyrir því að gestir Konukots séu í tengslum við ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar á grundvelli lögheimilis. Tengiliður skal fylgja því eftir að unnið sé að lausn á félagslegum og húsnæðislegum vanda þeirra sem þangað leita. Tengiliður skilar framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvarinnar skýrslu er lýtur að þessum málum í nóvember ár hvert.

#### **5. gr. Greiðslur Þjónustumiðstöðvar til RRKÍ**

Þjónustumiðstöðin greiðir RRKÍ kr. 2.250.000,- á mánuði á árinu 2011 fyrir rekstur Konukots. Samtals greiðir þjónustumiðstöðin RRKÍ kr. 27.000.000,- á árinu 2011. Ekki er um frekari greiðslur að ræða af hendi þjónustumiðstöðvarinnar.

#### **6. gr. Trúnaðarskylda**

Starfsmönnum og sjálfboðaliðum Konukots er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og snertir einkalíf gesta og leynt skal fara samkvæmt lögum og reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðar- og þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu í Konukoti.

#### **7. gr. Eftirlit með starfseminni**

RRKÍ skal reglulega halda skrá yfir gesti ásamt tölfræðilegum upplýsingum um nýtingu Konukots og skila mánaðarlega yfirliti til þjónustumiðstöðvarinnar. Velferðarsvið getur hvenær sem er á samningstímanum gert úttekt á starfseminni. RRKÍ skilar framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvarinnar skýrslu um starfsemi ársins í desember 2011.

#### **8. gr. Mat á framkvæmd samningsins**

Samningsaðilar skulu koma saman í sept/okt 2011 og meta starfsemina og ákvarða um framhald samnings þessa. Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

#### **9. gr. Gildistími, riftun og ágreiningur**

Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2011 t.o.m. 31. desember 2011.

Ef um verulegar vanefndir á efni samningsins er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvara-laust. Vanefnd samnings skal þó ávallt tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr, sé það unnt.





Verði ágreiningur um efni samnings þessa á samningstímanum skulu aðilar leitast við að jafna þann ágreining, en ella sker Héraðsdómur Reykjavíkur úr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila. Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Reykjavík 11. maí 2011.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki borgarráðs,

f.h. Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri

f.h. Reykjavíkurseildar Rauða kross Íslands

Katla Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri



## Viðauki 5

### Samningur vegna Miklubrautar

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, kt. 530269-7609, f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10 - 12, 105 Reykjavík, hér nefnd þjónustukaupi og Samhjálp kt. 551173-0389, Stangarhyl 3a, 110 Reykjavík, hér nefnd þjónustusali gera með sér svohljóðandi

## Samningur

um að þjónustusali taki að sér fyrir þjónustukaupa rekstur stuðningsheimilis að Miklubraut 18, 105 Reykjavík sem ætlað er fyrir einstaklinga sem hætt hafa neyslu áfengis- og vímuefna og þarfnast sérstaks stuðnings.

### 1. grein

#### Markmið

Markmið með rekstri stuðningsheimilis að Miklubraut 18 er að bjóða þeim einstaklingum sem hætt hafa neyslu áfengis og vímuefna öruggt heimili, stuðning og aðhald meðan þeir aðlagast að samfélaginu á nýjan leik. Jafnframt að auka lífsgæði þeirra og möguleika á að ná tökum á lífi sínu. Endurhæfing og stuðningur fer fram í nánú samstarfi við heimilismenn.

Í verkefnum þeim sem þjónustusali tekur að sér samkvæmt samningi þessum ber honum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sbr. <http://www.rvk.is/Portaldata/1/-Resources/skjol/stefnur/Mannrettindastefna.pdf>

### 2. grein

#### Markhópur

Með rekstri heimilisins er stefnt að því að koma til móts við þarfir þeirra einstaklinga sem gert hafa margar tilraunir til að ná tökum á sínum áfengis- og vímuefnavanda og eiga við margháttða félagslega erfiðleika að stríða.

### 3. grein

#### Lagarammi

Samningur þessi grundvallast á XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum, er varða aðstoð við áfengissjúka og vímuefnafavarnir

### 4. grein

#### Meðferð umsókna um búsetu

Umsóknir um búsetu skulu sendast viðkomandi þjónustumiðstöð. Forgangsröðun umsókna á sér stað í sérstöku inntökuteymi sem úthlutar í samráði við yfirmann heimilisins sem situr fundi teymisins þegar rædd er væntanleg úthlutun á heimilið. Í inntökuteyminu sitja 5 starfsmenn Velferðarsviðs þ.á.m. hjúkrunarfræðingur. Oddamaður er verkefnisstjóri á skrifstofu velferðarmála. Teymið heldur fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega.



## **5. grein** **Húsnæði**

Þjónustukaupi leggur til húsnæði undir reksturinn án endurgjalds fyrir þjónustusala á 1. og 2. hæð ásamt risi og kjallara að Miklubraut 18. Um viðhald og umhirðu húsnæðisins fer samkvæmt samningi þjónustukaupa við Skipulagssjóð þar um.

Þjónustukaupi sér um kaup á stærri innanstokksmunum sem ekki eru til og vantar, samkvæmt mati forstöðumanns heimilisins og framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

## **6. grein** **Greiðslur**

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala árið 2011 kr. 9.000.000.- eða mánaðarlega kr. 750.000.-, sjöhundruðogfimmtíupúsund krónur 00/100, til dagslegs reksturs heimilisins að Miklubraut 18.

Til daglegs rekstur heimilisins teljast laun starfsmanna í 1,4 stöðugildum. Einnig rafmagns-, hita- og símakostnaður, innkaup á matvöru, hreinlætisvöru og ásamt afnotagjöldum sjónvarps og útvarps og allur umsjónar- og stjórnunarkostnaður. Verksali sér sjálfur um að innheimta dvalargjald af íbúum v/húsnæðis og v/fæðis, samtals skv. upplýsingum Velferðarsviðs þar um.

## **7. grein** **Þjónusta sem samið er um**

Þjónustan sem samið er um grundvallast á XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum, varðandi aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.

Alls geta 8 manns dvalist á heimilinu í senn. Hver heimilismaður hefur sérherbergi á heimilinu en einnig eru vistarverur sem ætlaðar eru til samveru, tómsundaiðkana ofl. Þá er í húsinu lítil einstaklingsíbúð sem getur staðið heimilismönnum til boða þegar þeir hafa náð nokkuð góðum tókum á lífi sínu og ætla má að þeir geti búið sjálfstætt í íbúðinni með stuðningi þjónustusala. Búseta í íbúðinni yrði þá lokaadlögun fyrir flutning af heimilinu þegar við á. Gert er ráð fyrir að dvalartími sé um það bil 2 ár að meðaltali. Á heimilinu er boðið upp á morgunverð, hádegisverð og kvöldverð.

Heimilið er opið allt árið, viðvera starfsmanna er á dagvinnutíma virka daga, einnig er boðið uppá aðstoð vegna matartilbúnings utan hefðbundins dagvinnutíma samkvæmt nánari samráði og með hliðsjón af aðstæðum í húsinu hverju sinni. Jafnframt er gert ráð fyrir samnýtingu á kvöld-, helgar- og næturvöktum frá starfsmönnum heimilisins að Miklubraut 20 þegar þörf er á.

Gert er ráð fyrir að hver heimilismaður sé í tengslum við ráðgjafa á þjónustumiðstöð og að gert sé samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem m.a. er kveðið á um markvissa vinnu og stuðning til að aðlagast samfélaginu á nýjan leik.

Þjónustukaupi tilnefnir sérstakan tengilið. Hlutverk tengiliðar er að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt einstaklingsbundinni áætlun þeirra sem búa á Miklubraut 18. Tengiliður skili framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða árlega skýrslu þar að lútandi. Tengiliður og umsjónarmaður Miklubrautar 18 komi sér upp reglulegu samstarfi.



## 8. grein

### Vettvangsgeðteymi

Á Velferðarsviði er starfsrækt vettvangsgeðteymi sem m.a. hefur það hlutverk að veita geðheilbrigðisþjónustu til íbúa búsetukjarna, búseturendurhæfingarheimila og annarra sértækra búsetuúrræði á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur. Þá veitir teymið einnig stjórnendum og starfsfólki sértækra búsetuúrræða á vegum Velferðarsviðs stuðning, ráðgjöf um fræðslu og ráðgjöf um handleiðslu.

## 9. grein

### Eftirlit með starfsemi

Þjónustukaupi getur hvenær sem er á samningstíma gert úttekt á starfsemi. Reglulegir samráðsfundir skulu haldnir með fulltrúum samningsaðila. Þjónustusali skili árlega skýrslu um starfsemi liðins árs.

## 10. grein

### Mat á framkvæmd samningsins

Samningsaðilar skulu koma saman að hausti í þeim tilgangi að fara yfir starfsemina í heild sinni og möguleika á endurnýjun samnings, þar með talið upphæð dvalargjalds.

## 11. grein

### Ársreikningar

Þjónustusali skal láta löggiltan endurskoðanda gera ársreikning um reksturinn. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstraryfirlit þar sem kostnaður við framkvæmd samningsins er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala. Leggja skal niðurstöðu hans fyrir framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða eigi síðar en í maí ár hvert.

## 12. grein

### Þagnarskylda

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang.

Þjónustusala og starfsmönnum hans er skylt að gæta þagnarmælsku um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og snertir einkalíf íbúa og aðstandenda þeirra og leynt skal fara samkvæmt lögum og reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðar- og þagnarskyldan helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn þjónustusala láta af störfum.

## 13. grein

### Vanefndir og riftun

Ef um verulegar vanefndir á efni samningsins er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Veruleg vanefnd sem leitt getur til riftunar samningsins telst t.d. vera ef þjónustan sem um er samið er ekki í samræmi við kröfur verkkaupa og einnig ef greiðslur sbr. 5. gr. og stuðningur til verksala sbr. 7. gr. bregst.

## 14. grein

### Starfsmenn

Þjónustusali skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína.



**15. grein**  
**Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**16. grein**  
**Framsal samnings til þriðja aðila**

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**17. grein**  
**Breytingar á samningi.**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

**18. grein**  
**Gildistími**

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík, 9. desember 2010

f.h. Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

f.h. Samhjalpar

\_\_\_\_\_  
Sigtryggur Jónsson,

\_\_\_\_\_  
Heiðar Guðnason

framkvæmdastjóri

forstöðumaður



## Viðauki 6

### Samningur vegna Dagseturs

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík og Hjálpræðisherinn á Íslandi kt. 620169-1539, Kirkjustræti 2, 101 Reykjavík gera með sér svohljóðandi

#### SAMNING

**um aðstöðu til faglegrar uppbyggingar á iðju fyrir utangarðsfólk í Reykjavík í dagsetri Hjálpræðishersins að Eyjaslóð 7, 101 Reykjavík og um aðstöðu fyrir fagmenntaðan starfsmann sem vinnur að faglegrri uppbyggingu á iðju fyrir utangarðsfólk í Reykjavík á sama stað.**

#### 1. gr.

##### Markmið

Markmið með samningnum er að auka lífsgæði utangarðsfólks og styðja það til heilbrigðara líferniss. Þjónustan sem samið er um byggist á XIII kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### 2. gr.

##### Markhópur

Með samningnum er stefnt að því að koma til móts við þarfir þeirra einstaklinga, sem eru utangarðs í samfélaginu og hafa ekki í önnur hús að venda á daginn, með aðstöðu og aðstoð til iðju.

#### 3.gr.

##### Húsnæði

Hjálpræðisherinn á Íslandi er nú þegar leigutaki að 600 fm<sup>2</sup> húsnæði á tveimur hæðum að Eyjaslóð 7, 101 Reykjavík og hefur komið þar upp grunnbúnaði til reksturs dagseturs. Samningurinn nær til þess að Reykjavíkurborg komi að rekstri dagseturs Hjálpræðishersins í 300 fm<sup>2</sup> rými á efri hæð hússins. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna reksturs og viðhalds húsnæðisins.

#### 4. gr.

##### Greiðslur þjónustukaupa

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar greiðir kr. 3.000.000.- til sameiginlegs reksturs dagseturs á samningstímanum. Hjálpræðisherinn tryggir aðstöðu fyrir starfsmann Velferðarsviðs til að sinna iðju fyrir utangarðsfólk.

Greiðslur fari fram á eftirfarandi gjalddögum: í maí 2011 kr. 1.500.000 og í október 2011 kr. 1.500.000



### 5.gr.

#### **Þjónusta sem samið er um**

Dagsetrið er opið alla virka daga. Á opnunartíma dagsetursins skulu ekki vera færri en 2 starfsmenn á vakt. Boðið verði upp á þvotta, snyrti- og hreinlætisaðstöðu ásamt hvíldaraðstöðu auk virkrar iðju fyrir þátttakendur.

Fagmenntaður starfsmaður sem Velferðarsvið ræður til starfa mun hafa faglega umsjón með þeirri iðju sem boðið er upp á í dagsetrinu. Hann mun vera í samstarfi við önnur fyrirtæki og stofnanir Reykjavíkurborgar um iðju fyrir þá sem í dagsetrið leita og hafa fasta viðveru á opnunartíma dagsetursins alla daga vikunnar. Starfsmaður Velferðarsviðs í dagsetri heyrir undir Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og sækir þangað faglegan stuðning. Aðrir starfsmenn dagsetursins hafa umsjón með daglegum rekstri þess, móttöku þeirra sem þangað koma og annarri þjónustu á hverjum tíma.

### 6.gr.

#### **Skráning notenda þjónustunnar**

Starfsmaður Velferðarsviðs skráir alla sem í dagsetrið leita á hverjum tíma sem og í hvaða tegund þjónustu þeir eru helst að leita s.s.

Fótsnyrtingu  
Iðju –sundurliðun á hverskonar iðja  
Hreinlætisaðstöðu  
Hvíld  
Mat  
Annað

og skilar skriflegri skýrslu um þá iðju, ráðgjöf og stuðning sem boðið hefur verið upp á fyrir 15. janúar.

### 7.gr.

#### **Um starfsemi þjónustusala**

Samningurinn gildir í ár. Ef breytingar verða á samningstímanum á þeirri starfsemi félagsins sem samið er um í samningi þessum skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa það þegar í stað. Þjónustukaupi boðar þjónustusala þá til viðræðna um framhald samningsins.

Í verkefnum þeim sem þjónustusali tekur að sér ber honum að vinna skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarráði 16. maí 2006.

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Þjónustusali og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga.

Þagnarskylda helst þó svo að þjónustusamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn þjónustusala láta af störfum. Við störf sín skuldbindur þjónustusali sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.



**8. gr.**

**Ársreikningar ásamt skýrslu um starfssemina**

*Hjálpræðisherinn skal senda fjármálastjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ársreikninga félagsins um leið og þeir liggja fyrir og eigi síðar en 1. maí 2012. Eigi síðar en 15. janúar 2012 skal félagið leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs þar sem fram kemur m.a. umfjöllun um sett markmið, mat á mælikvörðum o.s.frv.*

**9. gr.**

**Upplýsingagiöf til þjónustukaupa**

*Vakin er athygli á að hyggist umsækjandi sækja um gerð þjónustusamnings fyrir árið 2012, skal skila inn umsókn fyrir 1. október 2011. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um nýtingu samnings þessa árs ásamt tölulegum upplýsingum úr starfseminni fyrstu níu mánuði ársins sbr. 8. gr. samnings þessa. Framangreindar upplýsingar eru skilyrði þess að umsóknin verði tekin til meðferðar.*

**10. gr.**

**Vanefndir og riftun**

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinni. Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

**11. gr.**

**Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**12. gr.**

**Framsal samnings til þriðja aðila**

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**13. gr.**

**Breytingar á samningi. Breyttar forsendur.**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi samningsaðila.

**14. gr.**

**Gildistími samnings**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2011 – 31. desember 2011.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila.

Reykjavík 8. apríl 2011.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Hjálpræðishersins á Íslandi

Stella K. Víðisdóttir

Paul Villiam Marti

sviðsstjóri

yfirforingi





## Viðauki 7

### Samningur vegna Kaffistofu Samhjalpar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, Borgartún 14, og Samhjálp, kt. 551173-0389, Stangarhyl 3A, Reykjavík, gera með sér svohljóðandi:

## Samningur um rekstur

### félagsmiðstöðvar og kaffistofu

#### 1. gr.

##### Gildissvið

Samningur þessi gildir um styrk til rekstur félagsmiðstöðvar og kaffistofu fyrir þá sem standa höllum fæti.

#### 2. gr.

##### Markmið

Markmið Samhjalpar er að veita bjargir til þeirra einstaklinga sem standa höllum fæti, vegna sjúkdóma, fátæktar, neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna, eða vegna annarra samfélagslegra vandamála, og með því stuðla að velferð og sjálfsbjörg þeirra.

#### 3. gr.

##### Þjónusta sem samið er um

Þjónustan sem samið er um grundvallast á XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

- **Félagsstarf:** Samhjálp rekur félagsmiðstöð að Stangarhyl 3A, þar sem fram fara m.a. samkomur, fundir og fræðslukvöld fyrir einstaklinga sem standa höllum fæti og eru að vinna að því að öðlast betra líf.

**Markmið:** Með félagsstarfinu er verið að vinna að því að styrkja og viðhalda bata áfengis- og vímuefnasjúklinga og þeirra sem standa höllum fæti, sem og að vekja áhuga annarra að sækja sér bata.

**Mælikvarði á árangur:** Fjöldi heimsóknna í félagsstarfið.

**Velferðarsvið greiðir framlag til félagsstarfsins kr. 751.000 á ári.**

- **Kaffistofa:** Samhjálp rekur kaffistofu/súpueldhús að Borgartúni 1. Kaffistofan er opin frá kl. 10 til 16 á virkum dögum og frá kl. 11 til 16 um helgar.

**Markmið:** Að veita mat og húsaskjól án endurgjalds til heimilislausra einstaklinga og annarra aðstöðulausra.

**Mælikvarði á árangur:** Fjöldi þeirra sem sækja kaffistofuna og tíðni heimsóknna.

**Velferðarsvið greiðir framlag til kaffistofunnar kr. 6.298.000 á samningstímanum.**



- **Húsaleiga:** Samhjálp leigir Borgartún 1 af Eykt ehf. Velferðarsvið greiðir styrk vegna húsaleigu kr. 1.792.000 á samningstímanum.

#### 4. gr.

##### Greiðslur Velferðarsviðs

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala samkvæmt 3. gr. samnings þessa kr. 8.841.000 á samningstímanum.

**Greiðslur miðast við jafnar mánaðarlegar greiðslur.**

#### 5.gr.

##### Um starfsemi þjónustusala

Ef breytingar verða á samningstímanum á þeirri starfsemi félagsins sem samið er um í samningi þessum skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa það þegar í stað. Þjónustukaupi boðar þjónustusala þá til viðræðna um framhald samningsins.

Í verkefnum þeim sem þjónustusali tekur að sér ber honum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarráði 16. maí 2006.

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Þjónustusali og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga.

Þagnarskylda helst þó svo að þjónustusamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn þjónustusala láta af störfum. Við störf sín skuldbindur þjónustusali sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

#### 6. gr.

##### Ársreikningur ásamt skýrslu um starfssemina

*Samhjálp skal senda fjármálastjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ársreikninga liðins árs um leið og þeir liggja fyrir og eigi síðar en í maí 2012. Eigi síðar en 15. janúar skal félagið leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs þar sem fram kemur m.a. umfjöllun um sett markmið, mat á mælikvörðum o.s.frv.*

#### 7. gr.

##### Upplýsingagjöf til þjónustukaupa

*Ef Samhjálp ætlar að sækja um gerð þjónustusamnings fyrir árið 2012, skal skila inn umsókn fyrir 1. október 2011. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um nýtingu samnings þessa árs ásamt tölulegum upplýsingum úr starfseminni fyrstu níu mánuði ársins sbr. 4. gr. samnings þessa. Framangreindar upplýsingar eru skilyrði þess að umsóknin verði tekin til meðferðar.*

#### 8. grein

##### Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinni. Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.



**9. grein**

**Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**10. grein**

**Framsal samnings til þriðja aðila**

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**11. grein**

**Breytingar á samningi. Breyttar forsendur.**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi samningsaðila.

**12.gr.**

**Gildistími samnings**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2011 – 31. desember 2011.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila.

Reykjavíkxxxx2011

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Stella K. Víðisdóttir,

sviðsstjóri

f.h. Samhjalpar,

Heiðar Guðnason

forstöðumaður